



*DRÓUN ÍVILNANA, NÝLEGAR  
BREYTINGAR – ÁHRIF Á MARKAÐ*  
**SIGURÐUR FRÍÐLEIFSSON**  
ORKUSTOFNUN

# AÐALFUNDUR GRÆNU ORKUNNAR



*SALA RAFBÍLA - ÞARF NÝJA  
NÁLGUN Á ÍVILNANIR?*

**MARÍA JÓNA MAGNÚSDÓTTIR**  
BÍLGREINASAMBANDINU



ÞRIÐJUDAG,  
30. APRÍL 2024



13:00 - 15:30

Takið eftirmiðdaginn frá!

**HÚSI ATVINNULÍFSINS  
BORGARTÚNI 35  
EINNIG Í STREYMI**

# Aðalfundarboð

**Aðalfundur Grænu orkunnar, Samstarfsvettvangs um orkuskipti, fer fram þriðjudaginn 30. apríl 2024 13:00-15:00 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35**

Dagskrá aðalfundar verður sem hér segir og samkvæmt samþykktum:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Breytingar á samþykktum
5. Ákvörðun árgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál



Allir félagsmenn mega sitja aðalfund og einungis er eitt atkvæði á hvert aðildarfyrirtæki eða -stofnun. Félagar teljast þeir sem greiða félagsgjald og þeir einir hafa atkvæðarétt á aðalfundi. Reikningar fyrir aðildargjöldum 2024-5 ættu þegar að hafa borist til aðildarfyrirtækja og hafa eindaga 28. apríl.

Í kjölfar stefnumótunarvinnu á undanfögnu starfsári leggur stjórn til allnokkrar breytingar á samþykktum félagsins sem endurspeglar breytta stöðu í orkuskiptum en einnig markmið stjórnvalda. Sjá næstu glæsur.

Tillögur, sem óskað er eftir að teknar verði til afgreiðslu á fundinum, þurfa að berast félaginu a.m.k. 7 dögum fyrir boðaðan aðalfund, þ.e. **23. apríl 2024**, til Önnu Margrétar Kornelíusdóttur í netfangið [amk@newenergy.is](mailto:amk@newenergy.is).

Tímabil tveggja stjórnarmanna sem sitja fyrir hönd atvinnulífsins lýkur á aðalfundinum. Þeir hyggjast bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu en framboð til stjórnar eru velkomin og er stjórnarseta til tveggja ára. Þeir félagar er hyggjast bjóða sig fram í stjórn skulu tilkynna framboð til Önnu Margrétar í netfangið [amk@newenergy.is](mailto:amk@newenergy.is) fyrir lok dags 23. apríl 2024.

# Aðalfundarboð

**Aðalfundur Grænu orkunnar, Samstarfsvettvangs um orkuskipti, fer fram þriðjudaginn 30. apríl 2024 13:00-15:00 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35**

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum fer fram málstofa sem ber yfirskriftina *Sala hreinorkubíla – er þörf á nýrri nálgun?*

**María Jóna Magnúsdóttir** framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins og **Sigurður Friðleifsson** sviðsstjóri loftslagsbreytinga og nýsköpunar hjá Orkustofnun munu ræða áhrif nýlegra breytinga á ívilnunum fyrir hreinorkubifreiðar á sölu rafbíla og næstu skref.

Stjórn Grænu orkunnar og verkefnastjórar halda virku samtali við stjórnvöld um ívilnanir til stuðnings við orkuskipti. Erindum Sigurðar og Maríu er ætlað að vera innlegg í umræður um hvernig hraða megi orkuskiptum á Íslandi en fundinn sitja m.a. fulltrúar Fjármála- og efnahagsráðuneytis, Innviðaráðuneytis, og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Í lok fundarins verða niðurstöður kosninga kynntar og fundi slitið um klukkan 15:00. Boðið verður upp á léttar veitingar.



# Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum Grænu orkunnar á aðalfundi 2024

- Í tilefni af tíunda starfsári Grænu orkunnar réðist stjórn í stefnumótunarvinnu og endurskoðun á samþykktum, markmiðum og áherslum félagsins.
- Við stofnun Grænu orkunnar var lagt upp með að samstarfsvettvangurinn fjallaði um orkuskipti almennt en óneitanlega hefur áherslan verið á orkuskipti fólksbíla, samgöngur á landi og innviðum þeim tengdum þar sem framboð á hreinorkubílum hefur aukist stórkostlega á undanförunum 15 árum.
- Niðurstaða stefnumótunar fólst meðal annars í því að skerpa línur í samþykktum. Stjórn hyggst leggja til við aðalfund allnokkrar breytingar á samþykktum félagsins sem endurspegla breytta stöðu í orkuskiptum en einnig markmið stjórnvalda.
- Tillögurnar eru settar fram hér á eftir samhliða núverandi samþykktum félagsins.
- Þær verða bornar upp í heild sinni til samþykktar á aðalfundi þann 30. apríl.

# Núverandi samþykktir (vinstri) og tillögur um breyttar samþykktir (hægri)

## Samþykktir frá aðalfundi 2020

### Samþykktir

#### 1. gr.

Félagið heitir *Samstarfsvettvangur um orkuskipti* (kt. 560115-1130)

#### 2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er að *Grensásvegi 9, 108 Reykjavík*

#### 3. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að því að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í stað innflutts jarðefnaeldsneytis. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að reka öflugt samstarfs- og fræðslunet félaga sem koma að orkuskiptum á einhvern hátt, annað hvort með beinum hætti sem framleiðendur eða söluaðilar endurnýjanlegra orkugjafa eða tækja sem knúin eru slíkum orkugjöfum, eða með óbeinum hætti, með störfum á vettvangi rannsókna og þróunar, eða með ráðgjafa- eða stefnumótunarvinnu á sviðinu. Vettvangurinn mun stuðla að orkuskiptum þannig að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis. Auk þess starfar félagið að því stuðla að nýjum verkefnum á þessu sviði og koma á samböndum milli mögulegra samstarfsaðila. Félagið heldur félagsfundum að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári þar sem félagar fá tækifæri til að kynna þau verkefni sem þeir eru að vinna auk þess að geta komið skilaboðum til fulltrúa stjórnvalda.

#### 4. gr.

Allir sem vinna að verkefnum tengdum orkuskiptum eða endurnýjanlegum orkugjöfum geta orðið félagar að samstarfsvettvanginum. Félagar greiða árgjald í félagið sem ákveðið er á aðalfundi.

#### 5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega sitja aðalfund og er einungis eitt atkvæði á hvert aðildarfyrirtæki eða -stofnun.

## Tillögur á aðalfundi 2024

### Samþykktir Grænu Orkunnar – Samstarfsvettvangs um orkuskipti

#### 1. gr.

Félagið heitir Samstarfsvettvangur um orkuskipti (kt. 560115-1130). Enskt heiti félagsins er Green Energy Partnership.

#### 2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er að *Ármúla 6, 108 Reykjavík*.

#### 3. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að fullkomnum orkuskiptum í endurnýjanlega orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis fyrir lok árs 2039 eða í samræmi við markmið stjórnvalda.

#### 4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að reka öflugt samstarfsnet og sinna upplýsingagjöf til félaga sem koma að orkuskiptum á einhvern hátt. Auk þess starfar félagið að því að koma á samböndum milli mögulegra samstarfsaðila í verkefnum á þessu sviði. Félagið heldur félagsfundum að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári þar sem félagar fá tækifæri til að kynna þau verkefni sem þeir vinna að auk þess að koma á framfæri upplýsingum til fulltrúa stjórnvalda.

#### 5. gr.

Ný stjórn skal setja sér áherslur og markmið fyrir starfsárið sem miða að því að uppfylla tilgang félagsins og mæla árangur í lok hvers starfsárs.

# Núverandi samþykktir (vinstri) og tillögur um breyttar samþykktir (hægri)

## Samþykktir frá aðalfundi 2020

### 6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfeldur meirihluti viðstaddra félagsmanna ræður úrslitum mála. Tillögur, sem óskað er eftir að teknar verði til afgreiðslu á fundinum, þurfa að hafa borist stjórn félagsins a.m.k. 7 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Þær skulu sendar félagsmönnum með ekki skemmri en 5 daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun árgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

### 7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö félagsmönnum auk formanns. Fjórir stjórnarmenn skuli koma úr hópi félagsmanna og eru kjörnir til tveggja ára í senn á aðalfundi. Fjórir stjórnarmenn skuli koma frá hinu opinbera. Óska skal eftir því að hvert ráðuneyti skipi einn fulltrúa (umhverfis- og auðlindaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið). Ráðuneytin tilnefna sína fulltrúa til tveggja ára í senn. Kjörnir fulltrúar eru skipaðir til tveggja ára í senn, þannig að aldrei gangi nema tveir úr stjórn. Til þess að svo megi verða, skal á þriðja aðalfundi félagsins, árið 2017, kjósa um tvo stjórnarmenn til eins árs og tvo til tveggja ára. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn en þeir skulu þó ekki sitja lengur en sex ár samfleytt í stjórn. Á

## Tillögur á aðalfundi 2024

### 6. gr.

Allir sem vinna að eða hafa áhuga á verkefnum tengdum orkuskiptum eða endurnýjanlegum orkugjöfum geta orðið aðilar að samstarfsvettvanginum. Félagar greiða árgjald í félagið sem ákveðið er á aðalfundi.

### 7. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Aðeins félagsmenn mega sitja aðalfund og er einungis eitt atkvæði á hvert aðildarfyrirtæki eða -stofnun.

### 8. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfeldur meirihluti viðstaddra félagsmanna ræður úrslitum mála. Tillögur, sem óskað er eftir að teknar verði til afgreiðslu á fundinum, þurfa að hafa borist stjórn félagsins a.m.k. 7 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Þær skulu sendar félagsmönnum með ekki skemmri en 5 daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun árgjalds

# Núverandi samþykktir (vinstri) og tillögur um breyttar samþykktir (hægri)

## Samþykktir frá aðalfundi 2020

aðalfundi skal einnig kjósa 2 varamenn, fyrsta varamann og annan varamann, sem taka skulu sæti kosinna stjórnarmanna sem frá þurfa að hverfa á starfsárinu. Stjórn skiptir með sér verkum, en formaður skal valinn úr hópi kjörinna félagsmanna. Stjórn félagsins og verkefnisstjóri fara með málefni félagsins milli aðalfunda. Verkefnastjóri boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

### 8. gr.

Ákvörðun um árgjald skal tekin á aðalfundi.

### 9. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins og til að efla starfsemi þess enn frekar.

### 10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess þá til félaga/samtaka sem starfa í svipuðum tilgangi.

### 11. gr.

Á aðalfundi skal óskað eftir framboðum a.m.k. tveggja skoðunarmanna og skulu tveir skoðunarmenn vera kosnir á aðalfundi.

### 12. gr.

Félagið vinnur af heilindum að markmiðum sínum og kynnir þau á vefsíðu sinni [www.graenaorkan.is](http://www.graenaorkan.is)

Samþykkt á aðalfundi.

Dagsetning: 22.10.2020.

## Tillögur á aðalfundi 2024

6. Kosning stjórnar

7. Umræður um áherslur félagsins á næsta starfsári

8. Önnur mál

9. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö félagsmönnum auk formanns. Fjórir stjórnarmenn skulu koma úr hópi félagsmanna og eru kjörnir til tveggja ára í senn á aðalfundi. Lagt er til að fjórir stjórnarmenn komi frá Stjórnarráðinu, tveir frá umhverfis, orku- og loftslagsráðuneyti, einn frá innviðaráðuneyti og einn frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Ráðuneytin tilnefna sína fulltrúa til tveggja ára í senn. Kjörnir fulltrúar eru skipaðir til tveggja ára í senn, þannig að aldrei gangi nema tveir úr stjórn.

Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn en þeir skulu þó ekki sitja lengur en sex ár samfleytt í stjórn. Hið sama gildir um varamenn. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo varamenn, fyrsta varamann og annan varamann, sem taka skulu sæti kosinna stjórnarmanna sem frá þurfa að hverfa á starfsárinu. Stjórn skiptir með sér verkum, en formaður skal valinn úr hópi kjörinna félagsmanna. Stjórn félagsins og verkefnisstjóri fara með málefni félagsins milli aðalfunda. Verkefnastjóri boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

10. gr.

Ákvörðun um árgjald skal tekin á aðalfundi.

11. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins og til að efla starfsemi þess enn frekar.

12. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess þá til félaga/samtaka sem starfa í svipuðum tilgangi.

13. gr.

Á aðalfundi skal óskað eftir framboðum a.m.k. tveggja skoðunarmanna og skulu tveir skoðunarmenn vera kosnir á aðalfundi.

14. gr.

Félagið vinnur af heilindum að markmiðum sínum og kynnir þau á vefsíðu sinni [www.graenaorkan.is](http://www.graenaorkan.is)

Samþykkt á aðalfundi.

Dagsetning: xx.04.2024.